

16. fundur stjórnar

Starfsárið 2025-2026

16. desember 2025

Viðstödd eru: Bjarndís, Hrönn, Jóhannes, Leifur, Sveinn, Vera, Kári (framkvæmdastjóri).

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 15:30.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta stjórnarfundar

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. Afmælisnefnd

Finna þarf fólk í nefnd um skipulagningu 50 ára afmælisárs Samtakanna 2028. Stjórn ræðir.

3. Stefnumótun Mannréttindastofnunar — áherslur S78

Samtökin eru í ráðgjafanefnd nýrrar Mannréttindastofnunar Íslands. Stofnunin er í stefnumótunarvinnu og hafa Samtökin verið beðin um aðkomu að því. Kári segir frá og hvetur stjórnarliða til að hafa skoðun á þessu og koma með punkta.

4. Samningar við ráðuneyti og styrkur

Kári fer yfir stöðuna á samningum við ráðuneyti. Lítið er að fréttu en vinna og samtöl í gangi. Stjórn ræðir fjármál. Samtökin fengu nýverið styrk fyrir verkefninu Regnbogalínunni frá mannréttindaráði Reykjavíkurborgar, stjórn fagnar því.

5. Jólagleði

Stjórn ræðir fyrirhugaða jólagleði síðar í vikunni.

6. Fagráð

Kári átti fund með fagráði Samtakanna um málefni tengd starfsfólki og verktökum og starfsumhverfi þeirra. Kári segir frá tillögum fagráðs að bættu starfsumhverfi. Stjórn ræðir.

7. Önnur mál

Sveinn fer yfir skipulagningu þrettándagleði Samtakanna eftir áramót.

Fundi slitið: 16:15.